



Skýrsla stjórnar
Aðalfundur 2023

Starfsárið 2022-2023

Að baki er viðburðaríkt ár í orkuskiptum og jafnframt níunda starfsár Grænu orkunnar, sem félagasamtök.

Á aðalfundi í maí 2022 buðu Ágústa S. Loftsdóttir, EFLU verkfræðistofu og Linda Fanney Valgeirsdóttir, Alor sig fram til stjórnar og voru sjálfkjörnar í laus sæti fyrir tímabilið 2022-4. Gunnar Valur Sveinsson, SAF og María Jóna Magnúsdóttir, BGS skiptu með sér formennsku á árinu.

Í stjórn Grænu orkunnar fjórir fulltrúar stjórnvalda sem hver er skipaður af ráðherra síns ráðuneytis, og fjórir fulltrúar atvinnulífsins. Það hefur reynst gæfuríkt að hafa ólíka aðila í stjórninni. Stjórnarmenn koma með fjölbreytta þekkingu, bakgrunn og tengslanet að borðinu.

Frá atvinnulífi sátu því í stjórn á tímabilinu 2022-2023: Ágústa Loftsdóttir, EFLU, Gunnar Valur Sveinsson, SAF, Linda Fanney Valgeirsdóttir, Alor og María Jóna Magnúsdóttir, BGS. Sigurður Ástgeirsson hjá Ísorku var varamaður.

Skipuð af ráðuneytum voru Ásta Þorleifsdóttir (Innviðaráðuneyti), Erla Sigríður Gestsdóttir og Helga Barðadóttir (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti) og Íris Hannah Atladóttir (Fjármála- og efnahagsráðuneyti).

Rekstrarsamningur við Íslenska NýOrku var endurnýjaður til tveggja ára og hafa Jón Björn Skúlason og Anna Margrét Kornelíusdóttir starfað með Grænu orkunni, eins og undanfarin ár. Um 80 fyrirtæki og stofnanir eru skráð á póstlista Grænu orkunnar og þar af eru tæplega 50 formlegir aðilar að samstarfsvettvangnum. Rekstur hans hefur verið fjármagnaður af félagsgjöldum. Fjölmarginir taka þátt í viðburðum á vegum félagsins og til stendur að virkja aðildarfélög enn frekar.

Málefnavinna stjórnar

Stjórn skipti með sér verkum og forgangsraðaði brýnum málum til umræðu. Á undanfögnu starfsári hefur ýmislegt áunnist í orkuskiptum. Í lok árs 2022 voru vistvænir bílar orðnir fleiri en 40.000 talsins og hlutfall þeirra af nýskráðum bílum yfir 70%.

Stjórn Grænu orkunnar tók þátt í samráðsferli stjórnvalda í Samráðsgátt og sendi inn umsagnir um hin ýmsu mál tengdum orkuskiptum á landi og vistvænu eldsneyti.

[Nýtt fjárlagafrumvarp](#) leit dagsins ljós í september og hafði í för með sér ýmsar breytingar á skattlagningu nýorkubifreiða og ívilnunum vegna þeirra. Þar vóg líklega þyngst að hámarksfjárhæð VSK-ívilnunar vegna rafmagnsbíla lækkaði úr 1.560 þús. kr. niður í 1.320. þús. kr. frá og með 1. janúar 2023¹.

Aðilar innan Grænu orkunnar komu að vinnu að uppfærðri útgáfu [loftslagsvegvisis atvinnulífsins](#) sem fyrst var kynntur í júní 2021. Sú vinna er unnin á forsendum fyrirtækja í íslensku atvinnulífi og viðeigandi aðildarsamtaka með stuðningi frá vinnuteymi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Bílgreinasambandið hefur haft umsjón með verkefnastjórn þegar kemur að Samgöngum á landi.

Í mars 2023 kom út [skýrsla starfshóps um skatta og skattaívilnanir](#) og fjallaði stjórn um tillögur sem þar komu fram. Ber þar helst að nefna stuðning við orkuskipti bílaleiga, stuðning við kaup á hreinorku þungaflutningabifreiðum og loks sértækan stuðning fyrir tekjulægri heimili með það að markmiði að hvetja og styðja þau heimili enn frekar til þátttöku í orkuskiptunum.

Þá hefur umræða og áhugi á framleiðslu og nýtingu rafeldsneytis hér á landi farið vaxandi á undanfögnu árum. Framleiðsla rafeldsneytis á Íslandi hvort sem er í formi vetnis, ammóníaks,

¹ Með lögum nr. 33/2022, um breytingum á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt (fjöladatakmörkun rafmagnsbifreiða).

metanóls eða metans, er talin vera ábatavæn og mikilvægt framlag í baráttu gegn loftslagsvánni. Græna orkan mun halda áfram að stuðla að virku samtali á milli atvinnulífs og hins opinbera og skapa samstöðu um lykilaðgerðir sem grípa þarf til svo aðgerðir í orkuskiptum verði að veruleika.

Viðburðir

Sem fyrr segir var aðalfundur félagsins haldinn 5. maí 2022. Fulltrúar frá Ballard Power Systems, Carbon Recycling International og Samtökum vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda (VoR) héldu erindi við það tækifæri. Í samstarfi við Innviðaráðuneytið, Samgöngustofu og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið var haldin ráðstefna um orkuskipti á hafi þann 29. september undir yfirskriftinni *Stolt siglir fleyið mitt – öryggi og grænar lausnir í siglingum*.

Í október hélt verkefnastjóri Grænu orkunnar erindi á Haustfundi Rafstaðlaráðs þar sem fjallað var um rafeldsneyti, styrki Orkusjóðs til framleiðslu, dreifingar og áfyllingar rafeldsneytis og spár um notkun þess hér á landi. Síðar í október var haldin örfyrirlestrakynning á vegum Orkusjóðs á Nauthóli. Guðlaugur Þór Þórðarson, ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála setti fundinn en ríflega 20 verkefni sem hlotið hafa styrk til orkuskipta kynntu áætlanir sínar og árangur hingað til.

Í desember mánuði 2022 var haldinn morgunverðarfundur með kynningu á niðurstöðum könnunar meðal rafbílaeigenda um hleðsluinnviði sem Íslensk Nýorka vann fyrir Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Á haustmánuðum 2023 stendur til halda viðburð þar sem aðildarfélögum Grænu orkunnar gefst kostur að fjalla um sín verkefni. Einnig á döfinni að endurtaking örfyrirlestraviðburðar um verkefni sem hlotið hafa styrk frá Orkusjóði.

Samstarf

Gestir stjórnarfundar í mars 2022 voru fulltrúar VoR, þau Auður Nanna Baldvinsdóttir og Tryggvi Þór Herbertsson kynntu fyrir stjórn nýstofnuð samtök VoR, aðila þeirra og helstu áherslur. Gyða Mjöll Ingólfssdóttir frá Innviðaráðuneytinu kynnti fyrir stjórn vinnu að vegvísi að vistvænum samgöngum til 2030.

Loks er einnig vert að nefna áframhaldandi samstarf Grænu orkunnar og annarra hagsmunaaðila að aðgerð 2.6 undir verkefninu *Byggjum grænni framtíð* sem er á þessa leið: Stuðla að virku samtali meðal opinberra verkkaupa, veitufyrirtækja, sveitarfélaga og byggingaraðila um hvernig hægt sé að tryggja innviði á framkvæmdasvæðum frá upphafi framkvæmda.

Næsta starfsár

Framundan er nýtt starfsár með nýjum tækifærum og áskorunum. Niðurstaðna úr úthlutun Orkusjóðs 2023 er að vænta snemma í júní og von er á vegvísi um vetni og rafeldsneyti sem mun skýra betur stefnu stjórnvalda í eldsneytismálum. Loks má nefna starfshóp um leiðir til að hraða orkuskiptum í flugi, sem gert er ráð fyrir að skili tillögum til ráðherra fyrir 1. júlí nk.

Stjórn Grænu orkunnar hefur lagt drög að viðburðum þar sem aðildarfyrirtæki fá tækifæri til að fjalla um helstu verkefni sín en einnig verður áhersla á styrkjaumhverfi bæði á Norðurlöndum og innan ESB. Þá liggur fyrir að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum verði uppfærð á næstunni og fleiri spennandi viðfangsefni eru á döfinni.


f.h. stjórnar Grænu orkunnar,

María Jóna Magnúsdóttir, formaður

Ársreikningur Samstarfsvettvangs um orkuskipti

2022	
Aðildargjöld	kr.
Aðildargjöld	1.411.400
Ógreidd aðildargjöld	500.000
Fjármagnstekjur	<u>2.552</u>
Heildartekjur	1.913.952
 Kostnaður	
Kostnaður vegna vefhýsingar, vinnufundir og ráðstefnu	277.830
Þjónustugjöld	5.035
Þjónustusamningur um rekstur	1.550.000
Lógó hönnun	<u>13.688</u>
Heildarkostnaður	1.846.553
 Eignir í árslok 2022	
Rekstrarhagnaður 2022	67.399
Bankainnistæða 01.01.2022	<u>888.536</u>
Bankainnistæður 31.12.22	471.265
Viðskiptakröfur	500.000
Viðskiptaskuld	15.330
 Eign 31.12.22	<u>955.935</u>

Reykjavík 25. maí, 2023,


Jón Björn Skúlason, Verkefnisstjóri

Skóðað af kjörnum endurskoðendum Samstarfsvettvangs um orkuskipti,


Benedikt S. Benediktsson
Benedikt S. Benediktsson (Aug 21, 2023 22:42 GMT)


Gunnar Páll Stefánsson
Gunnar Páll Stefánsson (Aug 24, 2023 16:05 GMT)

Rekstraráætlun Samstarfsvettvangs um orkuskipti

2023	
Aðildargjöld	kr.
Aðildargjöld	2.050.000
Fjármagnstekjur	<u>3.000</u>
Heildartekjur	2.053.000
 Kostnaður	
Kostnaður vegna funda, vefhýsing og annað	250.000
Þjónustusamningur um rekstur	1.736.000
Annað ófyrirséð	<u>100.000</u>
Heildarkostnaður	2.086.000
 Eignir í árslok 2023	
Rekstrartap 2023	(33.000)
Eignir frá 2022	<u>955.935</u>
Eign 31.12.2023	922.936
 Samtals áætluð bankainnistæða í lok 2023	<u>922.936</u>

Fyrir hönd Samstarfsvettvangs um orkuskipti,

Jón Björn Skúlason